

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi gildir fyrir meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi.

2. gr.

Umsjón og eftirlit.

Sveitarfélagið Norðurþing ber ábyrgð á meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu og sér til þess að reknar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir almennan úrgang á þann hátt og með þeim takmörkunum sem leiða af samþykkt þessari, lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og reglugerðum settum með stoð í þeim lögum.

Framkvæmdanefnd Norðurþings, í umboði sveitarstjórnar Norðurþings, fer með ákvörðunarvald í málefnum sem varða meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu sem og daglega yfirstjórn þessara mála samkvæmt samþykkt þessari.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur eftirlit með meðhöndlun úrgangs og að farið sé að þessari samþykkt.

3. gr.

Markmið.

Markmið samþykktarinnar er:

- a. að lágmarka það úrgangsmagn sem fer til förgunar með því að auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs,
 - b. að lágmarka kostnað samfélagsins við meðhöndlun úrgangs og
 - c. að kostnaður vegna úrgangs greiðist af þeim sem úrganginum veldur.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er lögð til grundvallar samþykkt þessari.

4. gr.

Nýtingarskylda íbúa.

Sérhverjum húseiganda og umráðamanni húsnaðis (húsráðanda) er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við geymslu og meðferð úrgangs og endurvinnsluefna sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni, í samráði við heilbrigðisnefnd og í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir starfsmenn sorphirðu. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi.

Úrgang sem að mati húsráðenda þarf að losa örar en gert er ráð fyrir í samþykkttri áætlun er hægt að koma með á móttökustöð og losa gegn framvísun klippikorts. Einstaklingar sem fullnýta klippikort greiða sjálfir fyrir þann úrgang sem þeir koma með á móttökustöð samkvæmt gjaldskrá.

5. gr.

Úrgangur frá fyrirtækjum.

Fyrirtækjum, stofnunum og öðrum rekstraraðilum er skylt að flokka þann úrgang sem til fellur hjá þeim í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Þeir bera ábyrgð á hirðu og förgun úrgangs sem til fellur í starfsemi þeirra, hvort heldur sem sá úrgangur flokkast sem heimilisúrgangur eða rekstrarúrgangur, og standa straum af kostnaði vegna þess. Frágangur og umgengni um ílát fyrir úrgang, svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar. Staðsetning gáma undir úrgang skal vera í samræmi við ákvarðanir sveitarstjórnar þar um eða ákvæði deiliskipulags.

Norðurþing getur heimilað að fyrirtæki fái sömu þjónustu og heimili í sveitarfélaginu varðandi meðhöndlun heimilisúrgangs gegn greiðslu. Við álagningu gjalda vegna slíkrar þjónustu skal tekið mið af magni slíks heimilisúrgangs sem frá fyrirtækinu kemur.

6. gr.

Heimild til útvistunar sorphirðu.

Framkvæmdanefnd Norðurlands er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd hirðingar heimilisúrgangs, móttöku endurvinnsluefna og annars úrgangs og förgunar. Þeir aðilar sem þetta annast skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi, sbr. reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Um meðhöndlun úrgangs fer að öðru leyti samkvæmt reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Áætlun um söfnun úrgangs.

Söfnun heimilisúrgangs skal fara fram reglulega eftir fyrirfram gerðri áætlun, staðfestri af sveitarstjórn. Áætlunin skal kynnt íbúum og gerð aðgengileg á vefsvæði Norðurlands og þjónustuaðila.

Framkvæmdanefnd Norðurlands getur heimilað frávik frá áætlun vegna sérstakra aðstæðna. Slík frávik skulu auglýst eða tilkynnt hlutaðeigandi með hæfilegum fyrirvara. Skulu þá húsráðendur sinna skyldum sínum samkvæmt samþykkt þessari á auglýstum tíma eins og um losun samkvæmt áætlun væri að ræða.

8. gr.

Sorpílát.

Norðurland leggur heimilum í sveitarfélaginu til sorpílát undir venjulegan heimilisúrgang, endurvinnsluefni og lífrænan úrgang. Húseigendur eða húsráðendur skulu nota þau ílát við geymslu úrgangs sem framkvæmdanefnd ákveður hverju sinni í samræmi við lög og reglur þar að lútandi. Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og í góðu ástandi.

Á stöðum þar sem aðstæður leyfa ekki að sorpílátum sé stillt upp við hvert heimili er heimilt að setja upp sameiginleg sorpílát fyrir fleiri en eitt heimili. Skal þess þá gætt að aðgengi íbúa að ílátum sé eins gott og við verður komið. Jafnframt er heimilt að verða við óskum húseigenda um sameiginleg sorpílát að fengnu samþykki allra hlutaðeigandi.

Í dreifbýli er framkvæmdanefnd heimilt, í samráði við heilbrigðisnefnd og skipulagsnefnd, að setja upp gáma fyrir heimilisúrgang á stöðum þar sem aðgengi er gott í stað þess að sækja heimilisúrgang á hvert heimili.

Ekki er skylt að hirða úrgang sem ekki er í viðurkenndum sorpílátum.

9. gr.

Staðsetning sorpílláta og aðgengi.

Sorpílát skulu höfð í þar til gerðum sorpskýlum eða sorpgeymslum ef hægt er að koma því við og skulu þau staðsett þannig að aðgengi að þeim frá götu sé gott. Ef um fjölbýlishús er að ræða skal staðsetja ílát saman eða sameinast um ílát. Í deiliskipulagi nýrra hverfa skal tekið tillit til sorpgeymslna við skipulagningu.

Sorpíllátin skulu staðsett þannig að gott aðgengi sé að hverju íláti fyrir sig og möguleiki á tæmingu hvers þeirra án tilfærslu annarra íláta. Auðvelt skal vera að ná til handfangs íláts og nægilegt pláss skal vera til að athafna sig með þau við tæmingu. Húseigandi skal sjá til þess að undirlag á leið frá sorpílláti að götu sé þannig að auðvelt sé að keyra sorpíllát um það.

Húsráðendur skulu tryggja gott aðgengi að sorpíllátum á þeim tíma sem heimilisúrgangi er safnað samkvæmt auglýstri áætlun sveitarfélagsins um söfnun úrgangs. Þannig skulu húsráðendur moka snjó og vinna gegn hálfu á leið að sorpíllátum eins og þörf krefur og halda leið að þeim greiddfærri. Vegalengd frá sorpílláti að götu skal ekki vera lengri en 15 m á auglýstum sorphirðudegi. Ef lengra er að sorpílláti þarf húseigandi að greiða sérstakt gjald fyrir hvern metra samkvæmt gjaldskrá. Ef hækkun á leiðinni er meiri en 15 cm fyrir hverja 100 cm skal húseigandi gera ráðstafanir til að auðvelda færslu sorpílláta til dæmis með tröppum og skábrautum fyrir hjól sorpílláta. Hækkun skal ekki vera meiri en 40 cm fyrir hverja 100 cm.

Heimilt er að hafa sorpíllát í sorpgeymslu innandyra að uppfylltum almennum skilyrðum um aðgengi. Þurfi sorphirðumaður að fara inn í geymsluna til að sækja sorpíllát skal frí lofthæð ekki vera

undir 200 cm. Dyraop skal vera nægilega breitt til að auðveldlega megi fara með sorpílát um það og án þröskulda. Mögulegt skal vera að festa hurð opna á auðveldan hátt. Beint aðgengi skal vera að sorpgeymslu utan frá.

10. gr.

Frágangur heimilisúrgangs.

Í sorpílát fyrir heimilisúrgang má aðeins setja þann úrgang sem fellur daglega til við venjulegt heimilishald, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs. Óheimilt er að láta spilliefni, garðaúrgang, jarðvegsefni, brotajárn og annan grófan úrgang í sorpílát og gáma sem ætluð eru fyrir almennan heimilisúrgang. Jarðvegsefni, þ.m.t. grjót, múrbrot o.þ.h. skal setja á viðurkennda losunarstaði. Annan úrgang eiga húsráðendur að losa til söfnunarstöðvar eða í við-eigandi gáma. Það á t.d. við um ýmsan byggingarúrgang, úr sér gengin húsgögn eða raftæki.

Einstaklingar geta framvísað klippikortum við losun alls úrgangs. Ef klippikort er fullnýtt greiða einstaklingar sjálfir fyrir þann úrgang sem þeir koma með á móttökustöð. Gjaldtaka þar að lútandi skal fylgja gjaldskrá samþykkt af sveitarstjórn.

Framkvæmdanefnd Norðurlands er heimilt, í sérstökum tilvikum, að stilla tímabundið upp gámum fyrir tiltekinn úrgang, t.d. í tengslum við átak í umhverfismálum.

Spilliefnum, lyfjum og öðrum hættulegum úrgangi skal skilað á viðurkennda móttökustaði.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Sorpílát skulu jafnan standa lokuð og ekki fyllt meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

11. gr.

Um gengni á almannafæri.

Óheimilt er að skilja eftir eða geyma rusl, garðaúrgang og annan úrgang á víðavangi, á götum, gangstígum eða opnum svæðum í sveitarfélaginu. Tæki og hlutir sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki skulu geymd á þar til gerðum stæðum. Óheimilt er að geyma skráningar-skyld ökutæki án skráningarmerkja, kerrur, tæki, vinnuvélar, báta eða aðra hluti á almennum bifreiðastæðum, á götum eða á almannafæri. Heimilt er að hafa á lögbýlum afmörkuð geymslusvæði fyrir framangreinda hluti og skal leitast við að hafa sjónræn áhrif þeirra í algjöru lágmarki. Öðrum aðilum er heimilt að sækja um geymslusvæði og verða slík erindi afgreidd af framkvæmdanefnd í samráði við skipulagsnefnd.

12. gr.

Upplýsingar og fræðsla.

Framkvæmdanefnd Norðurlands, í samráði við heilbrigðisnefnd og framkvæmdaraðila, skal sjá til þess að íbúar fái upplýsingar og fræðslu um skyldur húsráðenda, flokkun og aðra meðferð úrgangs, móttöku hans og förgun, t.d. með útgáfu leiðbeininga og fræðsluefnis.

13. gr.

Gjaldtaka.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda og stærð sorpílláta og/eða þjónustustig til að standa straum af meðhöndlun úrgangs í samræmi við 1. og 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Gjöld skulu ákvörðuð og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er skv. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldið skal ákvarðað á grundvelli rekstraráætlunar og má aldrei vera hærra en sá kostnaður sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo sem vegna þjónustunnar, og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Í gjaldskrá skal auk almenns sorphirðugjalds kveðið á um gjöld fyrir fyrirtæki sem njóta þjónustunnar skv. 2. mgr. 5. gr. eftir sömu viðmiðum og ef um heimili væri að ræða.

Gjöld skal miða við stærð og fjölda sorphirðuíláta, hvort sem um er að ræða flokkaðan eða óflokkaðan úrgang og tíðni söfnunar. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt magni úrgangs, þ.e. samkomulagi við viðkomandi. Tekið skal tillit til flokkunar og minnkunar á magni úrgangs sem af flokkun leiðir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi, svo og við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að haga gjaldskrá með þeim hætti að það hvetji til að dregið sé úr magni úrgangs sem fer til urðunar.

Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísað til þessarar samþykktar.

14. gr.

Kvartanir og kærur.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal henni komið á framfæri við framkvæmdanefnd Norðurþings og þjónustuaðila. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn, getur hann skotið málinu til byggðaráðs Norðurþings.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt samþykkt þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011.

15. gr.

Viðurlög við brotum eða vanefndum.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

16. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 3. júlí 2017.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.